



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

28. feb. 2019 – Pistill nr. 49



Sveitarstjóri og Þorkell Linberg Þórarinnsson forstöðumaður
Náttúrustofu Norðausturlands við undirritun samningsins.

Nýr samningur við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um Náttúrustofu NA
Sveitarstjórn samþykkti nýjan samning milli Norðurlands, Skútustaðahrepps og Tjörneshrepps annars vegar og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins hins vegar um rekstur Náttúrustofu Norðausturlands. Samningurinn gildir í fimm ár eða til ársloka 2023. Báðum aðilum er heimilt að óska eftir endurskoðun á samningnum á samningstíma. Í slíkum tilfellum er samningurinn uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara. Árið 2019 er framlagið í fjárlögum 20,7 m.kr. Sveitarfélögin sem að samningnum standa munu leggja sameiginlega fram a.m.k. 30% af framlagi ríkis til reksturs stofunnar sem kemur til viðbótar framlagi ríkis. Hlutur Skútustaðahrepps fyrir árið 2019 er samkvæmt fjárhagsáætlun.

Byggingarleyfi fyrir viðbyggingu leikskóla

Fyrir sveitarstjórn var tekið fyrir erindi þar sem sótt er um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við leikskólann Yl en til stendur að stækka hann í sumar. Sveitarstjórt samþykkti að falla frá grenndarkynningu á byggingaráformunum skv. 3. mgr. 44. gr. í skipulagslögum nr. 123/2010 þar sem fyrirhugað framkvæmd varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins sem framkvæmdaaðila. Sveitarstjórn felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi þegar tilskilin gögn liggja fyrir.

Niðurstöður hamingjukönnunar kynntar á íbúafundi í Skjólbrekku mánudaginn 11. mars

Fyrir sveitarstjórn var lögð fram ítarlegri skýrsla frá Þekkingarneti Þingeyinga um niðurstöður könnunar um hamingju og líðan Mývetninga. Einnig var lagt fram minnisblað frá stýrihóp um verkefnið. Næsta skref verður að kynna niðurstöðurnar fyrir íbúum sveitarfélagsins á íbúafundi mánudaginn 11. mars kl. 20.00 í Skjólbrekku. Jafnframt verður fræðslufyrirlestur og svo hópavinna þar sem íbúar eru hvattir til þess að koma með hugmyndir um hvernig hægt er að auka hamingju og líðan Mývetninga.

Íbúafundur um fjölmenningsstefnu 3. apríl

Stýrihópur um gerð fjölmenningsstefnu fyrir sveitarfélagið stendur fyrir íbúafundi um málið miðvikudaginn 3. apríl n.k. í Skjólbrekku. Vonast er til að sem flestir Mývetningar af öllum þjóðernum mæti á fundinn sem verður nánar auglýstur síðar. Fundurinn mun saman standa af fræðslu og hópavinnu og verður boðið upp á akstur.

Byggingaleyfi vegna íbúðarhúss við Helgavog

Á fundi sveitarstjórnar var tekin fyrir byggingarleyfisumsókn frá Sigurði Jónasi Þorbergssyni vegna íbúðarhúss við Helgavog sem er við vatnsbakkann, í landi Reykjahlíðar. Umrædd lóð var stofnuð 2006 samhliða lóð þar sem nú standa Sólgarðar og er gert ráð fyrir lóðinni og íbúðarhúsi í Aðalskipulagsi Skútustaðahrepps 2010-2023.

Í úrskurði nr. 0500011 frá Umhverfisstofnun 13. mars 2006 segir m.a.

„Ráðuneytið fellst á að reist verði tvö íbúðarhús við Helgavog eins og gert er ráð fyrir í tillögu að breytingu á aðalskipulagi á landi sem samkvæmt gildandi aðalskipulagi er iðnaðarsvæði. Tryggt skal að fylgt verði ítrustu kröfum um mengunarvarnir frá hinum leyfðu íbúðarhúsum við gerð og rekstur þeirra“.

Sveitarstjórn samþykkti að fela skipulagsfulltrúa að grenndarkynna byggingaráformin skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem ekkert deiliskipulag liggur fyrir, þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir.

Sveitarstjórn samþykkti að fyrirhuguðum framkvæmdaaðila verði gert að fylgja ítrustu kröfum um mengunarvarnir við gerð og rekstur íbúðarhússins í samræmi við úrskurð ráðuneytisins og reglugerðar um verndun Mývatns og Laxár nr. 665/2012. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að tilkynna Umhverfisstofnun um fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir.



Góð heimsókn frá Norðurþingi á bókasafnið

Velferðar- og menningarmálanefnd fékk liðsinni frá Menningarmiðstöð Þingeyinga í gær þar sem

bókasafnið í Skjólbrekku var til umfjöllunar. Farið var í vettvangsferð um bókasafnið með Jan Aksel Klitgaard forstöðumanni MMP og Bryndísi Sigurðardóttur deildarstjóra bókasafnsins á Húsavík en þau ætla að koma með tillögur um úrbótum á bókasafninu sem felast m.a. í rafrænni skráningu, grisjun o.fl. Var heimsóknin einstaklega ánægjuleg. Á myndinni sem fylgir þessari frétt má sjá fulltrúa Skútustaðahrepps, Þuríði bókasafnsvörð og Jan Aksel og Bryndísi.

Þess má geta að þessa dagana er verið að taka til hendinni í Skjólbrekku, lagfæra geymsluaðstöðu og bæta aðstöðu fyrir píanóið en afgangur Skútasjóðs var ráðstafað í það á sínum tíma.



Á dögnum fékk Kvenfélag Mývatnssveitar þessa pönnu að gjöf frá Jarðböðunum. Pönnuna ætla kvenfélagskonur að nota í Skjólbrekku. Kvenfélagskonur og sveitarfélagið senda Jarðböðunum bestu þakkir fyrir höfðinglega gjöf. Á myndinni eru Selma frá Kvenfélaginu og Sigríður og Ragnhildur frá Jarðböðunum.

Ókeypis fyrir börn í sundlaugina á Laugum – Ókeypis rútuferð á laugardaginn

Skútustaðahreppur býður upp á ókeypis rútuferð í sund á Laugum fyrir fjölskyldur. Næsta rútuferð er á laugardaginn, 2. mars.

Fyrirkomulagið er eftirfarandi:

Farið er frá hreppsskrifstofu kl. 13.30 laugardaginn 2. mars n.k. Ókeypis er í rútna. Farið er sunnan vatns og hægt að taka upp fólk á leiðinni við Þjóðveginn.

Til að vita fjöldann þarf að tilkynna þátttöku í rútuferðinni í seinasta lagi kl. 11:45 á föstudegi fyrir

ferðina, á netfangið

skutustadahreppur@skutustadahreppur.is – eða með því að hringja í 464 4163 á hreppsskrifstofu. Gefa þarf upp fjölda fólks og hvar á að taka fólk upp í rútuna á leiðinni ef það fer ekki frá hreppsskrifstofu.

Börn í Skútustaðahreppi á aldrinum 6-16 ára fá ókeypis aðgang í sundlaugina á Laugum á opnunartíma hennar. Nafnalisti með börnum 6-16 ára með lögheimili í Skútustaðahreppi verður í afgreiðslu sundlaugarinnar og þarf að skrá þau inn. Nú þegar er ókeypis fyrir börn yngri en 6 ára. Að öðru leyti vísast til gjaldskrár sundlaugarinnar.



Sölvi Tryggva með fyrirlestur í Skjólbrekku á sunnudaginn

Sölvi Tryggvason gaf nýverið út bókina *Á Eigin Skinni* sem er afrakstur áratugsvegferðar hans um allt sem snýr að heilsu. Eftir að hafa sjálfur misst heilsuna neyddist Sölvi til að gerast sérfræðingur í heilsu og hefur á undanfönum árum lært af framúrskarandi fólki um allan heim, auk þess að gera endalaust af tilraunum á sjálfum sér þegar kemur að kælingu, föstum, næringu, hreyfingu, bætiefnum og fleiru og fleiru.

Á fyrirlestrinum verður farið yfir lykilatriði þegar kemur að næringu, hreyfingu, hugleiðslu og öndun, föstum og leiðir til að bæta svefn, heilastarfsemi og draga úr bólgum og ójafnvægi í líkamskerfinu. Tímsetning: Skjólbrekka sunnudaginn 3. mars kl. 20:00. Aðgangur ókeypis.

Skútustaðahreppur er Heilsueflandi samfélag.



Nú er unnið að gerð umferðaröryggisáætlunar fyrir Skútustaðahrepp. Þar hefur meðal annars komið til bals mikil hætta af bílum sem hefur verið lagt við þjóðveginn við Hverfjallsveg. Skapar þetta oft mikla hættu í umferðinni eins og þessi mynd ber með sér og var tekin á dögnum.

Starfshópur um gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs

Á fundi sveitarstjórnar voru lagðar fram fundargerðir svæðisráðs norðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs. Þar kemur m.a. fram að svæðisráð fagnar frumkvæði sveitarfélagsins um stofnun starfshóps um staðsetningu gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs í Mývatnssveit. Staðsetning gestastofu í Mývatnssveit á sér stoð í lögum Vatnajökulspjóðgarðs og því full ástæða til að leggja þunga áherslu á málið. Þjóðgarðsvörðum er falið að vinna áfram að málinu með þeim aðilum sem málið varðar. Sveitarstjórn fagnaði bókun svæðisráðsins.

Aðalfundur Kvenfélags Mývatnssveitar

Aðalfundur Kvenfélags Mývatnssveitar verður haldinn í Skjólbrekku miðvikudaginn 6. mars kl. 20.00. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál. Nýjir félagar velkomnir.

Aðalfundur Mývetnings

Aðalfundur Mývetnings verður haldinn í Sel Hóтели þann 4. mars næstkomandi. Fundurinn byrjar klukkan 20:00. Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf. Stjórn Mývetnings hlakkar til að sjá sem flesta.



Frá opnum fundi í Skjálbrekku með Framsókn.

Ánægjulegar heimsóknir í kjördæmaviku

Alltaf er ánægjulegt þegar stjórnmalaflokkar og þingmenn mæta í Mývatnssveit í kjördæmaviku. Við erum ánægð með hversu duglegir þingmenn kjördæmisins hafa verið að funda t.d. með sveitarstjórninni sem hefur skilað sér í góðri samvinnu og niðurstöðu eins og t.d. í fráveitumálunum. Í kjördæmaviku fyrr í mánuðinum mættu tveir flokkar í Mývatnssveit, þ.e. þingmenn Framsóknar í kjördæminu og svo allur þingflokkur Sjálfstæðisflokksins. Þetta voru virkilega góðar og gagnlegar heimsóknir þar sem fulltrúar sveitarstjórnar og íbúa komu sjónarmiðum sínum og áhersluatriðum á framfæri.



Á spjalli við þingmenn Sjálfstæðisflokksins á Sel-hótel

Samið um byggingu 60 rýma hjúkrunarheimilis

Heilbrigðisráðuneytið og sveitarfélögin Norðurþing, Skútustaðahreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit munu standa saman að byggingu 60 rýma hjúkrunarheimilis á Húsavík sem áætlað að verði tekið í notkun á vormánuðum ársins 2021. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra og

Kristján Þór Magnússon sveitarstjóri Norðurþings undirrituðu samning þessa efnis á dögnum. Nýja hjúkrunarheimilið mun leysa af hólmi dvalar- og hjúkrunarheimilið Hvamm á Húsavík en húsnæðið þess er orðið gamalt og uppfyllir ekki nútímakröfur. Heimilið verður reist á lóð við Skálabrekku 21. Með tilkomu nýja heimilisins fjölgar hjúkrunarrýmum um sex.

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er um 2,2 milljarðar króna og mun ríkið greiða 85% kostnaðarins en sveitarfélögin 15%.



HRÓS DAGSINS...

Fær Þóroddur Þóroddsson frá Grænavatni fyrir frábært gönguskíðanámskeið á dögnum. Um 30 manns mættu í blíðskaparveðri.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanförmu, m.a. fundi fjölmenningsráðs, skipulagsnefndar, með fulltrúum Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, skipulagsnefnd, forstöðumannafund, brunavarnarnefnd, stýrihóp um umferðaröryggismál, þeim þingmönnum sem mættu hingað í kjördæmaviku auk ýmissa annarra funda. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri